

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0004
SS/IAS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar grjótnáms vestan Grindavíkur.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Grindavíkurbæjar á grjótnámi vestan Grindavíkur.

Grjótnámið er fyrirhugað úr Eldvarpahrauni eldra og stefnt er að því að taka um 100.000 m³ á 8,5 ha lands en þegar er búið að taka efni á hluta svæðisins (um 50.000 m³ á 5 ha). Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 (E6) og allt í kringum það er skipulagt iðnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni. Eldvarpahraun eldra hefur almennt mjög hátt verndargildi og nýtur verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um jarðminjar, vistgerðir, gróður og fuglalíf á áhrifasvæði Eldvarpavirkjunar, sem unnin var fyrir HS Orku árið 2021, kemur fram að „hraunið [sé] stórbrotið helluhraun. Í því eru fjölmargir rishólar með áslæga sprungu sem liggur eftir hryggnum og minni geislasprungur á hliðum. Einnig eru miklar rissléttur með sprungum eftir jöðrum og skvompum þar sem hraunið hefur verið gegnstorkið áður en það bólgnadi upp”.

Hraunið er mjög mikið raskað á áætluðu efnistökusvæði og stefnt er að því að taka það svæði undir iðnaðarsvæði í framtíðinni. Því er skynsamlegra að mati Náttúrufræðistofnunar að stækka það efnistökusvæði sem fyrir en en að raska nútímahraun annars staðar með nýju efnistökusvæði. Stofnunin telur ekki að nýtt umhverfismat myndi bæta við miklum upplýsingum um svæðið og metur því sem svo að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Að því sögðu þarf að virða verndargildi Eldvarpahrauns eldra og tryggja að hluti hraunsins sé verndaður til frambúðar, og þá sérstaklega þar sem það er heillegt og mest um svipmiklar jarðmyndanir. Skoða ætti formlega verndun og skilgreina verndarsvæði í skipulagi. Það er mikilvæg mótvægisáðgerð gegn því raski sem efnistakan og aðrar framkvæmdir sem raskað hafa hrauninu gegnum tíðina hefur valdið.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs



Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. ágúst 2022
UST202207-077/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Grjótnáma í Eldvarpahrauni. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða aukna efnistöku á svæði sem þegar hefur farið í mat á umhverfisáhrifum vegna grjótnáms. Grindavíkurbær ráðgerir að uppbygging mun fara fram á iðnaðarlóðum sem skilgreindar hafa verið umhverfis núverandi námu.

Svæðinu hefur þegar verið raskað og er að mati Umhverfisstofnunar jákvætt að nýta hraunið sem best áður en það verður tekið undir iðnaðarlóðir. Umhverfisáhrif eru að mestu framkomin og mun frekari efnistaka á þessu svæði ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að mati Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið
Suðurgata 39 101 Reykjavík
(354) 570 13 00
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 25. júlí 2022
MÍ202207-0013/ 6.07 / K.M.

Efni: Grjótnáma í Eldvarpahrauni vestan Grindavíkur.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 6. júlí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Grindavíkurbær hyggur á grjótnám í námu E6 í Eldvarpahrauni um 1,5 km vestan við þéttbýlið í Grindavík. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er heimilt að vinna allt að 100 þúsund m³ af grjóti í námu E6 á 8,4 ha svæði. Áður hafði verið heimilað að vinna 50 þúsund m³ á um 5 ha svæði. Heildarefnistaka úr námunni verður því 150 þúsund m³.

Í skýrslu framkvæmdaraðilans segir að á svæðinu sé í gildi deiliskipulagt iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi sem samþykkt hafi verið árið 2014. Efnistökusvæðið sé innan þessa iðnaðarsvæðis og að efnistöku lokinni mun iðnaðarsvæðið taka yfir námuna og uppbygging þannig ná yfir allt svæðið. Til að hægt sé að hefja uppbyggingu samkvæmt gildandi skipulagi þurfi að ráðast í jarðvinnu og ryðja burt og jafna hraunið á svæðinu. Með því að nýta grjótið sem fellur til í sjóvarnir séu tvær flugur slegnar í einu höggi. Framkvæmdin sé því í samræmi við gildandi deiliskipulag.


Fjallað er um fornleifar í kafla 4.7 í skýrslu framkvæmdaraðilans. Eins og þar kemur fram hefur námusvæðið og nágrenni þess verið skoðað nokkrum sinnum í leit að fornleifum í tengslum við ýmis verkefni. Engar fornleifar eru skráðar innan fyrirhugaðs námusvæðis.

Minjastofnun telur að fyrir liggi fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu námusvæði vestan Grindavíkur. Grjótnám á svæðinu mun ekki hafa áhrif á fornleifar. Minjastofnun Íslands telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Sigurður Ásbjörnsson (sigurdur.asbjornsson@skipulag.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)



Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjanesbær 12. júlí 2022

Efni: Grjótnám vestan Grindavíkur

Vísað er til erindis yðar, dags. 5. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar um framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar grjótnámu vestan Grindavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja gerir eftirfarandi ábendingar/athugasemdir við tillöguna:

- Grjót- og malarnám er starfsleyfisskylt hjá heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á það er minnst í gögnunum. Umsókn um starfsleyfi hefur ekki borist embættinu við gerð þessarar umsagnar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur að öðru leyti nægilega gert grein fyrir þeim þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari athugasemdir eða ábendingar við gögnin.

Virðingarfyllt,

J. Trausti Jónsson,
heilbrigðisfulltrúi.